



Kópavogsbær

Digranesvegur 1  
200 Kópavogur  
Sími 441 0000  
kopavogur.is

Skrifstofa Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Kirkjustræti 12  
101 Reykjavík

Alþingi 24.10.2018  
Málsnr.: 1809336  
Málakitt.: 0345

Kópavogi, 18. október 2018  
1810507/001.01 AKG

Efni: Ályktun bæjarráðs Kópavogs um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs þann 18. október sl. lögð fram til umsagnar tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033, 173 mál. Á fundinum var eftirfarandi ályktun bæjarráðs Kópavogs samþykkt vegna málsins:

„Bæjarráð Kópavogs lýsir yfir vonbrigðum með nýja samgönguáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2019-2033 en samkvæmt henni á enn og aftur að fresta framkvæmdum við Arnarnesveg, nú til ársins 2024. Þetta er gert þótt öllum ætti að vera ljóst að umferð í gegnum Vatnsendahverfið er orðin allt of mikil og gatnamót Breiðholtsbrautar og Vatnsendavegar löngu sprungin en þar fara um yfir 12.000 bílar á sólahring og miklar umferðatafir eru háannatímum. Sérstök athygli er vakin á þeirri miklu áhættu er varðar öryggi íbúa Kópavogs þar sem efri byggðir Kópavogs eru ekki innan viðbragðstíma sem slökkviliði og sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu er gert að starfa eftir.

Í samgönguáætlun 2011-2022 lenti Arnarnesvegur milli Rjúpnavegar og Breiðholtsbrautar í enn einni frestuninni og var færður aftur á samgönguáætlun eða yfir á tímabil þrjú, árin 2019-2022. Nú er gengið enn lengra og veginum frestað til árana 2024-2028. Kópavogsbúar hafa sýnt mikla biðlund og tóku síðustu frestun þegjandi í ljósi aðstæðna. Þessi nýjasta frestun er hins vegar ekkert annað en dónaskapur gagnvart íbúum Kópavogs og höfuðborgarsvæðisins alls.

Bæjarráð skorar á Samgöngu- og sveitastjórnarráðherra og Alþingi að breyta tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033 og virða fyrri áætlun um að lokið skuli við veginn á árunum 2019-2022.“

Virðingarfyllst,

Anna Kristín G.

Anna Kristín Guðmundsdóttir  
verkefnastjóri stjórnslusviðs